



**472. fundur Þingvallanefndar  
Miðvikudaginn 28.maí 2020  
Skrifstofa Þingvallanefndar  
Austurstræti 12, kl 12:00**

**Mættir:** Ari Trausti Guðmundsson, Vilhjálmur Árnason, Líneik Anna Sævarsdóttir, Guðmundur Andri Thorsson. Einar Á. E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður og Fanney Einarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Páll Magnússon, Karl Gauti Hjaltason og Hanna Katrín Friðriksson boða forföll en óska upplýsinga um umræðu og ákvarðanir.

Vilhjálmur Árnason varaformaður setur fund og stýrir þar sem formaður tilkynnir að hann þurfi að fara fyrr af fundi.

Dagskrá fundar:

1. Fjárhagsleg staða þjóðgarðsins.

Frásögn af fundi í Umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Lögð fram tillaga að minnisblaði um fjárþörf þjóðgarðsins til rekstrar og launa til áramóta. Þjóðgarðsverði falið að vinna frekar að því í samráði við formann og koma sem allra fyrst í Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

2. Endurskipulagning í rekstri.

Þjóðgarðsvörður greinir frá uppsögnum starfsmanna í verslunum á Haki og í þjónustumiðstöð vegna fjárhagsvanda þjóðgarðsins.

Bókun:

Þingvallanefnd felur þjóðgarðsverði að hefja undirbúning við útvistun á verslunar- og veitingarekstri í þjónustumiðstöð og gestastofu. Ný rekstaraðili taki við eigi síðar en frá 1. janúar 2021.

Önnur mál.

Þjóðgarðsvörður greinir frá að hann hafi verið kosinn formaður Samtaka norrænna heimsminjastaða sem þjóðgarðurinn á aðild að á aðalfundi samtakanna 20. maí. Samtökin voru stofnuð formlega árið 2016 á Þingvöllum en óformlegt samstarf heimsminjastaða hefur verið starfrækt frá því 1995.

Meginmarkmið er að vinna að samstarfi heimsminjastaða á Norðurlöndum.

Fundi slitið.

